



Hildur Magnúsdóttir

Fædd 7. febrúar 1942

Dáin 25. maí 2019



Útför frá Ólafsfjarðarkirkju
föstudaginn 7. júní kl. 14:00

Kæra fjölskylda, vinir og ættingjar.

Fyrir útförina er spilað safn laga sem endurspeгла þá tónlist og lög sem Hildur hélt hvað mest upp á í gegnum áratugina. Kántrý, gospel, popp og rokk er þar hvað mest áberandi. Sama gildir um lögin sem flutt eru við útförina. Sem dæmi má nefna lagið Heimkoma, það lag sendi hún fjölskyldunni í gegnum útvarpsþáttinn Óskalög sjúklinga þegar hún dvaldi á Sjúkrahúsinu á Akureyri, löngum stundum árin 1972-1976. Meðal laga sem spiluð eru fyrir athöfn eru tvö lög þar sem Hildur syngur með systkinum sínum, Júlla, Gunnu og Erlu, en þau voru tekin upp í Ólafsfirði árið 2016.

Jói



FORSPIL

-Amazing Grace-

SIGNING OG BÆN



-Hærra minn Guð-

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphelðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;; Hærra, minn Guð, til þín, ;;
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koggi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
;; Hærra, minn Guð, til þín, ;;
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
;; Hærra, minn Guð, til þín, ;;
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýtttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
;; Hærra, minn Guð, til þín, ;;
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;; Hærra, minn Guð, til þín, ;;
hærra til þín.

M. Joch

RITNINGARLESTUR

-EINSÖNGUR-

Ég hef lesið

RITNINGARLESTUR

-Drottinn er minn hirðir-

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir
mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu fyrir
sakir nafns síns. Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér, sproti þinn
og stafur hugga mig. Þú býr mér borð frammi fyrir
fjendum mínum, þú smyr höfuð mitt með olíu, bikar
minn er barmafullur. Já, gæfa og náð fylgja mér alla
ævidaga mína, og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

23. Davíðssálmur

GUÐSPJALL



-EINSÖNGUR-

Heimkoman



MINNINGARORÐ

-EINSÖNGUR-
Ég elska þig



BÆN - FAÐIR VOR

-Allt eins og blómstrið eina -

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Hallgrímur Pétursson

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

-Blessuð sértu sveitin mín-

Blessuð sértu sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín
- yndislega sveitin mín!
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.

*Sigurður Jónsson frá Arnarvatni
Bjarni Þorsteinsson*

-Ólafsfjörður er mín sveit-

Ólafsfjörður er mín sveit,
ég er honum hjartabundinn,
engan fegri fjörð ég leit,
ég finn mín ást er sterk og heit.
Í þessum fagra fjallareit
festa vil ég hinsta blundinn.
Ólafsfjörður er mín sveit,
eg er honum hjartabundinn.

Sig. Baldvinsson

EFTIRSPIL

-Blueberry Hill-



Prestur:
Sigríður Munda Jónsdóttir
Organisti:
Ave Kara Sillaots
Kór:
Kór Ólafsfjarðarkirkju
Flygill:
Óskar Einarsson
Einsöngur:
Páll Rósinkranz

Jarðsett verður í Ólafsfjarðarkirkjugarði.

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Tjarnarborg að útför lokinni.